

Ed.

362. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í umræðum um stjórn fiskveiða hafa verið nefnd sjö atriði sem það stjórnkerfi þurfi að uppfylla sem nota ætti. Þau atriði eru:

1. Aflinn verði innan ákveðinna marka, að stjórnkerfið bjóði upp á það að halda aflanum innan tiltekinna marka.
2. Að réttlát skipting sé milli skipa og byggðarlaga.
3. Að reynt sé að skapa eins tryggt atvinnuástand um land allt og nokkur kostur er.
4. Að það sé hvati í stjórnkerfinu til bættrar meðferðar og aukinnar verðmætasköpunar.
5. Að það sé hvati til lækkunar tilkostnaðar.
6. Að það sé stöðug þjónusta við markaði.
7. Að það sé lágmarksskerðing á athafnafrelsi.

1984 og 1985 hefur ekki tekist að nálgast þessi markmið með þeirri fiskveiðistefnu sem í gildi hefur verið og enn er lagt til að verði í gildi næstu tvö ár, 1986 og 1987.

1. Ekki hefur tekist að halda þorskafla innan þeirra marka sem lagt hefur verið til af Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsráðuneyti. Þorskafla á árinu 1985 fer um 60% fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar, 20—25% fram úr tillögum sjávarútvegsráðuneytis (sjá fskj. V). Kerfið er með þess háttar sveigjanleika að ekki er hægt að beita því til beinnar aflastjórnar. Á árinu 1986 getur þorskafla því orðið 450 þús. lestir með sömu stjórnunaraðferðum og 1985. Hafrannsóknastofnun telur að með 300—350 þús. tonna þorskveiði verði frekar aukning í veiðistofninum (sjá fskj. IV) en með 400—450 þús. tonna afla yrði gengið á stofninn.
2. Aflaskiptingin, sem byggðist á reynslu árána 1981, 1982 og 1983, var strax ranglát á fyrsta ári aflamarksstjórnar og verður ranglátari með hverju ári sem líður frá viðmiðunarárunum, jafnt gagnvart byggðarlögum og skipum. Hlutfall afla milli togara og báta hefur raskast (sjá fskj. VI).
3. Aflamark hvetur til þess að afli sé tekinn á eins stuttum tíma og kostur er og þá á þeim tímum sem fiskur er auðveiðanlegastur. Afleiðingarnar hafa verið aflatoppar með of miklu vinnuálagi og tímabil atvinnuleysis þegar fiskibátar hafa legið bundnir í höfnum.
4. Ekkert hefur verið lagt fram sem staðfestir það að aflamark hvetji til bættrar meðferðar á afla. Í aflamarki er aftur á móti hvati til að láta það vera að koma með lélegan og verðlítinn fisk að landi. Sá hvati er einn af mestu ókostum þessa kerfis.
5. Aflamark er líklegt til að verða til lækkunar á tilkostnaði í sambandi við notkun þorskaneta í lok vertíðar. Líklegt er að net verði þá betur nýtt. Viðurkennt er að enginn sparnaður hefur komið fram í rekstri togara.
6. Reynsla árána 1984 og 1985 sýnir að aflamarkið hefur haft mjög neikvæð áhrif gagnvart mörkuðum. Aflatoppar hafa orsakað verri markaðsvöru. Hráefni hefur verið ótryggara og ójafnara hjá fiskvinnslustöðvum. Meiri hluti aflans hefur verið fluttur á erlendan markað óunninn og mikil aukning er á frystingu um borð í veiðiskipum og mun meiri aukning í undirbúningi. Aukinn ísfiskútflutningur, sérstaklega í gámum, og frysting afla um borð í veiðiskipum eru hvort tveggja afleiðing „kvótans“, aflamarksins.
7. Þegar hverju og einu fiskiskipi er skammtaður ákveðinn afli er um slíka stjórn og afskipti af athafnafrelsi að ræða að vart mun hægt að komast lengra gagnvart þeim hópi manna sem aflar okkur um 80% af þeim gjaldeyri sem við höfum þó aldrei nóg af.

Því hefur verið haldið fram að þeir, sem eru mótfallnir því að stjórna fiskveiðum okkar með aflamarki á skip, hafi ekki bent á aðrar leiðir betri. Þetta eru hin mestu ósannindi — en áróður og umræða stuðningsmanna „kvótans“, aflamarksins, hafa verið svo hávær og fengið svo mikið rúm í fjölmiðlum að aðrar tillögur hafa ekki komist að í umræðunni. Sjávarútvegsráðherra hefur og reynt að koma vísindalegu yfirbragði á umræðuna með því að láta fiskifræðinga fylgja sér á fundi þar sem hann hefur fjallað um stjórn fiskveiða.

Hér fylgja sem fylgiskjöl I—III tillögur um stjórn fiskveiða sem byggjast á tegunda-marki í stað aflamarks. Þessar tillögur eru úr fjölda tillagna sem fram hafa komið víðs vegar um land og staðfesta það að ekki stendur á því að bent sé á aðrar leiðir til fiskveiðistjórnar en þá sem nú er lagt til að samþykkt verði til næstu tveggja ára.

Undirrituð telja að kvótakerfið, aflamarkið, hafi ekki reynst vel og fara þurfi aðrar leiðir til að ná þeim sjö markmiðum sem nefnd eru hér í upphafi nefndarálitsins, en þau markmið setti sjávarútvegsráðherra sjálfur er hann mælti fyrir þessu frv.

Við munum því greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 18. des. 1985.

Skúli Alexandersson, Kolbrún Jónsdóttir.
frsm.

Fylgiskjal I.

Skúli Alexandersson:

FISKVEIÐASTJÓRN

(Kjallaragrein í DV.)

Bolfiskveiði.

Þingflokkur Alþýðubandlagsins gerði á fundi sínum 9.–10. júlí s.l. svohljóðandi samþykkt um stjórn bolfiskveiða:

„Stjórn bolfiskveiða verði endurskoðuð með það fyrir augum sérstaklega að auka gæði og nýtingu aflans.“

Með þessari samþykkt er lagt til að auk þess sem stjórn fiskveiða sé til þess að stuðla að sem bestri nýtingu fiskstofna og forðast ofveiði verði einnig stefnt að meiri gæðum og betri meðferð á afla, þ.e. veiðistjórn á að tengjast áformum um betri meðferð á afla og góðri nýtingu þess afla í vinnslu. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn fiskveiða leiði til þess að vinna verði sem jöfnust allt árið við öflun og úrvinnslu sjávarfangs.

Grundvöllur fiskveiðistefnunnar verður að vera sá að stuðla að tekjum og atvinnuöryggi, bættum vinnuskilyrðum og betri félagslegri aðstöðu þess fólks sem starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu. Hverfa þarf frá helgidagavinnu og tryggja fiskimönnum og fiskvinnslufólki sömu möguleika til þátttöku í félagslegu starfi og sama rétt til hvíldar og frídaga og öðru vinnandi fólki á landinu. Með stjórn fiskveiða verði stefnt að þremur aðalmarkmiðum:

1. Atvinnu- og félagsleg réttindi fiskimanna og fiskvinnslufólks verði tryggð og stóraukin frá því sem nú er.
2. Sókn í fiskistofna verði takmörkuð og skipulögð til þess að koma í veg fyrir ofveiði og til að stuðla að góðri nýtingu aflafangs til atvinnuöryggis og verðmæta.
3. Stefnt verði að hámarksgæðum á afla jafnt á veiðum sem á vinnslu.

Reynsla af núverandi aflakvótakerfi segir það að engu af þessum þremur markmiðum verði náð með því að beita slíkri fiskveiðistjórn áfram. Ókostir þess kerfis aukast með hverjum degi, ranglæti þess og mismunun margfaldast með hverri viku. Viðmiðun þriggja ára, 1981, 1982 og 1983, var vafasöm fyrir árið 1984 – mjög ranglát fyrir 1985 – og algjörlega óhæf fyrir árið 1986. Aðrir ókostir verða ekki taldir hér.

Framangreindum markmiðum má ná með því að gera eftirfarandi:

A. Á árinu 1985:

1. Afnema aflakvótakerfið 1. okt. n.k.
2. Nota þann mannskap, sem nú hefur eftirlit með aflamagni, til eftirlits á meðferð afla. Um framkvæmd slíks eftirlits yrði sett ítarleg reglugerð.
3. Bátar hafi ekki veiðarfæri í sjó frá föstudagsmorgni til laugardagskvölds.
4. Þorskveiðitúrar togara skulu ekki vera lengri en 6 sólarhringar.
5. Löndunarfrí togara verði lengt um 12–36 klukkustundir.
6. Engar veiðar verði stundaðar frá 19. des. til 31. des.

B. Á árinu 1986:

Dregið verði úr sókn, ef þörf er á, vegna fiskverndunarsjónarmiða á sama hátt og samkvæmt lið 3–6 hér að framan. Eftirfarandi reglur verði settar:

1. Um páska, 10 daga, um 1. maí, 2 daga, um hvítasunnu, 3 daga, á sjómannadag, 2 daga, 17. júní, 2 daga, um jól og áramót, 15 daga, skulu veiðar ekki stundaðar.
2. Frá 10. júlí til 10. ágúst skal vera í gildi aukin takmörkun á úthaldstíma togara og lengd löndunarfrí. Frá 26. júlí til 10. ágúst skulu bátar ekki stunda veiðar.
3. Netafjöldi báta skal takmarkaður og þeim skal gert að taka net úr sjó á frídögum.
4. Þorsknetaveiðar skulu bannaðar frá 1. júní til 1. október.

5. Janúar, febrúar og mars skal ekki nota minni möskva í þorskanetum en 7¼" frá Hvalbak að Látrarbjargi. Annan tíma ekki minni en 7" möskva.
6. Togurum verði skipulega bent á skrapfiskirí.
7. Fullvinnsla (frysting) um borð í veiðiskipum verði því aðeins leyfð að allur afli verði nýttur – þ.e. úrgangsfiskur, bein, slor, lifur og hrogn.
8. Áfram verði í gangi virkt eftirlit samkvæmt A-2.
9. Dregið verði úr sókn, ef þörf er á því, miðað við leyfilegt aflamagn, umfram framangreindar takmarkanir með því að stöðva veiðar í 5–10 daga á ákveðnum tímum og með því að beina skipum til veiða á vannýttum fiskistofnum.
10. Ákvörðun um leyfilegt aflamagn miðað við tímabil eða ár verði tekin á svipaðan hátt og verið hefur undanfarin ár.
11. Hafrannsóknastofnun verði eflað og stofnuninni gert kleift að auka rannsóknir á fiskistofnum, lífríki og ástandi hafsvæðisins umhverfis landið.

Fylgiskjal II.

ÁLIT MEIRI HLUTA FISKVEIÐINEFNDAR FFSÍ

- FFSÍ leggur áherslu á að mörkuð verði veiðistefna til aukins frjálsræðis í veiðum. Þorskaflí ársins 1986 verði sem næst 350 þús. tonn.
- Frjálsar veiðar með sóknarstöðvun og veiðistýringu í aðrar tegundir en þorsk.
- Sóknartakmörkun og veiðistýring bátaflotans.
- Þorskaflí bátaflotans skal vera sem næst 165 þús. árið 1986.
- Árinu skal skipt í tvö tímabil 1. jan. til 30. júní með 30 daga skyldustoppi, þar af 10 daga um páska. Viðmiðunaraflamagn skal vera 123 000 tonn.
- Á tímabilinu 1. júlí til áramóta skal stoppa 40 daga þar af 10 daga um verslunarmannahelgi og frá 20. des. til áramóta. Viðmiðunaraflí 41 000 tonn.
- Stoppdagar teljast 3 sólarhringar eða meira.
- Handfæraveiðar verði óheftar nema 10 daga um verslunarmannahelgi.
- Miðað við núverandi möguleika á loðnuveiðum stundi loðnuflotinn ekki þorskveiðar fyrri helming ársins 1986.
- Stoppdagar sérveiðiskipa, svo sem rækju-, humar-, skelveiði-, síldveiði- og loðnuskipa, teljast aðeins utan sérleyfisveiða.
- Á svæðinu frá Horni suður og austur um að Eystra-Horni má hlutfall þorsks í afla netabáta ekki fara yfir 20% á tímabilinu 1. jan. til 1. febrúar.
- Þorsknetaveiðar á svæðinu Horn – Eystra-Horn hefjist ekki fyrr en 15. janúar.
- Þorsknetaveiðar skulu bannaðar 1. júlí til 15. ágúst.
- Frá Horni suður og austur um að Eystra-Horni skal ekki leyfa smærri möskva en 7 tommur á tímabilinu 15. jan. til 15. maí.
- Sjávarútvegsráðuneytið fylgist með afla á viðmiðunartímabilum og fækki eða fjölgi stoppdögum eftir þróun veiðanna.
- Verði þorskaflí í marslok meiri en 85 þús. tonn skal fjölga stoppdögum seinni hluta apríl og í maí.
- Loðnubátar, sem hefja þorskveiðar í troll á síðara tímabili, sæti sömu sóknartakmörkunum og togarar.
- Þorskaflí togara verði sem næst 185 þús. tonn árið 1986. Árið skiptist í tvö tímabil 1. jan. til 31. maí. Á því tímabili verði skyldustöðvun í 25 daga og viðmiðunaraflí 85 þús. tonn af þorski.
1. júní til áramóta verði veiðistopp í 45 daga þar af 10 daga á tímabilinu 20. júlí–10. ágúst.
- Veiðar skal stöðva frá 20. des. til áramóta. Viðmiðunaraflí 100 000 tonn af þorski. Heimilt er þeim skipum, sem veiða fyrir erlendan markað, að stöðva fyrstu 11 daga desembermánaðar.
- Skilyrt sé að í heildarásafli togara verði að lágmarki 30% aðrar tegundir en þorskur.
- Þessa prósentu skal hækka ef í ljós kemur eftir fyrstu fjóra mánuði ársins að hlutur þorsks í heildarveiði togara er meiri en æskilegt getur talist.
- Sjávarútvegsráðuneytið fylgist með afla á viðmiðunartímabilunum og fækki eða fjölgi stoppdögum eftir þróun veiðanna.

Fylgiskjal III.

STJÓRN FISKVEIÐA 1986–1990

Fiskveiðistefna til fimm ára.

45. fjórðungsþing fiskideildanna á Vestfjörðum, haldið á Ísafirði 19. október 1985, leggur til að fiskveiðistefna verði nú mótuð til næstu fimm ára og við það miðað að fiskistofnarnir séu nýttir á æskilegan hátt frá líffræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði, svo að útgerð og fiskvinnsla hafi eðlileg starfsskilyrði á komandi árum. Þingið telur sýnt að sjávarútvegurinn þoli ekki þær miklu aflasveiflur sem hér hafa verið seinustu árin. Þessar miklu sveiflur hafa ekki aðeins skaðleg áhrif á sjávarútveginn í heild heldur allt okkar efnahagskerfi. Þingið telur því nauðsynlegt að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og fiskveiðistefnan mótuð með langtímasjónarmið í huga sem tryggji atvinnuöryggi allra þeirra sem við þennan atvinnuveg starfa.

Þingið ítrekar því fyrri samþykkt sína að í framtíðinni verði leyfilegur ársafli helstu nytjafiska okkar miðaður við reynslu fyrri ára og leggur til að á næstu fimm árum verði leyft að veiða árlega:

Af þorski	320–380 þús. lestir
Af öðrum botnlægum fiski ...	300 þús. lestir
Af loðnu	500–800 þús. lestir

Aflamark árið 1986.

Þingið leggur til að á árinu 1986 verði leyft að veiða 360 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum botnlægum fisktegundum. Þorskaflanum verði skipt á milli báta og togara þannig að bátum verði heimilað að veiða 47% aflans eða 170 þús. lestir, togurum 53% aflans eða 190 þús. lestir, en öðrum botnlægum fisktegundum verði ekki skipt milli skipategunda né veiðitímabila.

Leyfilegur loðnuafli verði ákveðinn að loknum rannsóknum í haust.

Tegundamark með veiðitímabilum.

Í árslok 1983 var ákveðið að leyfisbinda allar botnfiskveiðar og setja aflamark á hvert veiðiskip. Þessi stjórnunarleið hefur nú verið til reynslu í tvö ár. Það er álit fjórðungsþingsins að hún hafi reynst illa, haft margvísleg óæskileg áhrif og skapað óviðunandi öryggisleysi bæði hjá sjómönnum og fiskvinnslufólki. Þingið leggur því til að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi um næstu áramót og tekið upp á ný tegundamark þar sem aflanum er skipt milli báta og togara eftir veiðitímabilum hliðstætt því sem gildi árið 1983.

Skipting eftir veiðitímabilum.

Árinu verði skipt í þrjú jafnlöng veiðitímabil og við það miðað að þorskaflinn skiptist sem næst því sem hér segir:

	Bátar:	Togarar:
1. tímabil: janúar/apríl	120 þús. lestir	70 þús. lestir
2. tímabil: maí/ágúst	30 þús. lestir	65 þús. lestir
3. tímabil: september/desember	20 þús. lestir	55 þús. lestir
	170 þús. lestir	190 þús. lestir

Náist ekki hámarksafli hvers tímabils færast aflinn yfir á næsta tímabil. Komi hins vegar í ljós að loknum fyrstu þrem mánuðum tímabilsins að aflinn muni fara fram úr viðmiðunarmörkum með óbreyttri sókn skal takmarka sóknina síðasta mánuðinn umfram það sem áður var ákveðið.

Takmarkanir á veiðum bátaflotans.

Á árinu verði bátum óheimilt að stunda þorskveiðar í 32 daga, fyrsta tímabilið í 10 daga um páska, annað tímabilið í 10 daga um verslunarmannahelgi og þriðja tímabilið í 12 daga í lok ársins. Hlutfall þorsks í afla þeirra báta, sem stunda aðrar veiðar á þessum tímabilum, má aldrei fara fram úr 20% af heildarafla.


Verði þorskafla báta á einhverju tímabili meiri en viðmiðunarmörk segja til um skal fjölga veiðibannsdögum.

Veiðar netabáta á tímabilinu 1. janúar til 10. febrúar verði takmarkaðar við 30% þorsks af heildarafla. Netaveiðar verði óheimilar tímabilin 1. júlí til 1. ágúst eða þar til veiðibanni á 2. tímabili lýkur.

Togbátum verði óheimilt að stunda þorskveiðar á tímabilinu frá 1.—10. maí.

Takmarkanir á veiðum togaraflotans.


Á árinu verði togurum óheimilt að stunda þorskveiðar í 100 daga innan eftirfarandi marka: „Fyrsta tímabilið í 20 daga, annað tímabilið í 45 daga og þriðja tímabilið í 35 daga. Í þorskveiðibanni er togurum heimilt að hafa þorsk sem hlutfall af heildarafla í hverri veiðiferð: 5% í 33 daga, 15% í 34 daga og 30% í 33 daga, minnst 4 daga í senn.




Skipstjórar eða útgerð tilkynni sjávarútvegsráðuneytinu með skeyti að lokinni hverri veiðiferð hversu marga daga þeir hafi verið í þorskveiðibanni og hve mikið af þorski sé í aflanum. Fari þorskur fram úr viðmiðunarmörkum skal það, um umfram er, gert upptækt.

Verði þorskafli togara á einhverju tímabili meiri en viðmiðunartakmörk segja til um skal veiðibannsdögum fjölgað, en verði hann minni skal þeim fækkað. Fari annar botnfiskafli verulega fram úr viðmiðunarmörkum skal úthald þeirra takmarkað þannig að heildaraflinn verði sem næst því sem að var stefnt í ársbyrjun.

Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.



Fylgiskjal VI.

